



Reglur um stuðning við hafnarsjóði til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála

1. gr.

Aðildarhafnir Hafnasambands Íslands geta óskað eftir fjárhagsstuðningi til hafnasambandsins til að mæta kostnaði við rekstur dómsmála enda sé líklegt að niðurstaða málsins feli í sér fordæmisgefandi niðurstöðu fyrir aðrar hafnir.

2. gr.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur ákvörðun um hvort fjárhagsstuðningur verði veittur, að fenginni umsögn lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ákvarðanir stjórnar skv. 1. mgr. skulu teknar á grundvelli fjárheimilda samkvæmt fjárhagsáætlun hafnasambandsins.

Að jafnaði skal ekki verða um ósk við stuðning ef um er að ræða mál sem varðar óverulega hagsmuni og ekki er eðlilegt hlutfall milli þeirra hagsmuna og líklegs málskostnaðar.

3. gr.

Umsókn um stuðning skulu fylgja eftirfarandi gögn;

- stefna,
- afstaða sveitarfélagsins til málsins,
- upplýsingar um helstu málsatvik sem ekki koma fram í stefnu eða sveitarfélagið telur að hafi þýðingu í málinu,
- helstu málsskjöl, greinargerð um af hverju málið telst fordæmisgefandi önnur gögn sem þýðingu hafa.

Þá skulu liggja fyrir upplýsingar um hvort leitast hafi verið við að leysa málið utan dómstóla.

4. gr.

Lögfræðingur skal í umsögn sinni leggja mat á það hvort úrlausn sé líkleg til að fela í sér fordæmisgefandi niðurstöðu og að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu fyrir hafnir landsins.

Við mat á því hvort mál teljist fordæmisgefandi skal einkum horft til þess hvort;

- atvik og ágreiningur sé þess efnis að úrlausn hans feli í sér almennt gildi og sé ekki einskorðuð við það tilvik sem til úrlausnar er,
- úrlausn feli í sér almenna skýringu á lagaákvæði eða að með úrlausn verði mörkuð almenn réttarregla sem muni fela í sér að ákvæði sé skýrt með svo almennum hætti að ætla megi að þeirri skýringu verði fylgt til frambúðar,
- úrlausn feli í sér sjálfstæða viðbót við þær réttarheimildir sem eru fyrir
- málsatvik séu þess eðlis að eðlilegt sé að allar hafnir taki þátt í málskostnaði.

5. gr.

Fjárstyrkur tekur mið af reikningi lögmanns enda fylgi honum tímaskýrslur. Styrkur er almennt ekki hærri en kr. 1.000.000 kr. Styrkur greiðist eftir að dómniðurstaða liggur fyrir.

6. gr.

Skilyrði fyrir þátttöku hafnasambandsins í málskostnaði er að stjórn hafnasambandsins sé upplýst um rekstur dómsmálsins frá upphafi og að tryggt sé að málatilbúnaður sé sem best úr garði gerður til að niðurstaða dómstóla verði fordæmisgefandi og hafi almenna skírskotun.

7. gr.

Reglur þessar voru samþykktar á stjórnarfundum Hafnasambands Íslands 14. júní 2022 og taka þær þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. er hægt að sækja um stuðning vegna mála sem flutt hafa verið á árinu 2022 og fallið geta undir reglurnar. Umsóknir vegna þeirra sem flutt hafa verið fyrir gildistöku reglnanna verða að hafa borist stjórn fyrir 1. desember 2022.